

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun fráveitumannvirkja í Kjósarhreppi.

1. gr.

Kjósarhreppur innheimtir gjald vegna hreinsunar og losunar á rotþróum í sveitarfélaginu.

Eigendum frístundahúsa, íbúðarhúsa og annarra fasteigna í Kjósarhreppi er skylt að hafa tengda rotþró og greiða árlegt rotþróargjald, sbr. 5. gr. samþykktar um hreinsun og losun rotþróa í Kjósarhreppi, nr. 1254/2025.

2. gr.

Rotþróargjald skal vera:

0-6.000 l, 15.000 kr.

6.001 l og stærri, 2.500 kr. pr./m³

Lífræn hreinsistöð/demantur, 23.500 kr.

Er það árlegt gjald fyrir hvert íbúðarhús, frístundahús eða annað húsnaði sem skylt er að tengja við rotþró. Rotþró skal hreinsuð þriðja hvert ár og miðast álagt gjald við að gjaldið standi undir þeim kostnaði.

Vegna umbeðinnar aukahreinsunar og losunar rotþróar skal eigandi fasteignar greiða samkvæmt reikningi beint frá verktaka.

3. gr.

Rotþróargjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar og ber hann ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Almennt rotþróargjald skal álagt og innheimt með fasteignasköttum og öðrum fasteignagjöldum og nýtur gjaldið lögveðs í fasteign þeirri sem gjaldið er lagt á, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og 7. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Kjósarhrepps 5. nóvember 2025, sbr. heimild í 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, tekur gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1527/2024.

Kjósarhreppi, 8. desember 2025.

Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri.